



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Gróðursetning með búfjáraburði

INNGANGUR

Mikið gagn getur verið að því að nota búfjáraburð við gróðursetningu. Til þess að hann nýtist sem best þarf að koma honum niður í jarðveginn við gróðursetninguna. Húsdýraaburður á yfirborð í nágrenni plöntunnar gerir yfirleitt lítið gagn.

Gagnsemi búfjáraburðar er fjölþætt, til viðbótar því að leggja plöntunum til nauðsynleg næringarefni. Búfjáraburðurinn hefur jákvæð áhrif á frjósemi jarðvegsins löngu eftir að hann hefur verið borinn á.


Þegar búfjáraburður er notaður:

- eykst loftun jarðvegsins
- örvast niðurbrot lífrænna efna
- batnar vatnsbindigeta jarðvegsins
- jákvætt fyrir smádyra- og örverulíf
- hækkar jarðvegshiti
- ýmis næringarefni berast plöntunni



Allar stærðir og gerðir plantna má gróðursetja með húsdýraaburði.

Búfjáraburður er gjarnan notaður af þeim sem vilja gera sérlega vel við plönturnar sínar og sjá skjótan árangur ræktunarinnar. Hægt er að mæla sérstaklega með notkun hans þar sem ræktunarskilyrði eru erfið af einhverjum orsökum.





BÚFJÁRÁBURÐUR

Hægt er að fá búfjáraburð frá ýmsum skepnum. Mest er þó notað af hrossa- og sauðataði í skógrækt, enda er sá áburður yfirleitt aðgengilegur og hentar vel.


Magn næringarefna í búfjáraburði er mismunandi eftir fóðrun gripa, afurðum þeirra og aðstæðum við geymslu áburðarins. Einnig fer það eftir meðferð áburðarins. Til dæmis nýtist köfnunarefni í búfjáraburði illa vegna þess að það gufar upp sem ammoníak. Þannig tapast köfnunarefnið í geymslu, við dreifingu áburðar og þar sem hann liggur á jörðinni.

Nýtanleg næringarefni í 1 tonni af búfjáraburði (kíló) *

	Köfnunarefni (N)	Fosfór (P)	Kalí (K)
Kúamykja, 17% þurrefni	1-3	0,5-1	2-4
Sauðatað	3-5	1-2	4-7
Hrossatað	1-3	4	2-3
Hænsnaskítur	4-6	5-6	5-7
Svínaskítur	2-3	1-2	2-3
Loðdýraskítur	5	4-5	2-3
Kanínuskítur	15-20	5	6


*Heimild: Handbók bænda/Óttar Geirsson

Í kjölfar gróðursetningar með búfjáraburði er hægt að mæla með að bera tilbúinn áburð á trjáplönturnar. Þannig leggjum við plöntunni til nauðsynleg næringarefni. Má mæla með Blákorni, Græði 1 og Græði 5 í því sambandi. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þegar notað er sagblandað hrossatað, eins og algengt er í þéttbýli.



GRÓÐURSETNING MEÐ HÚSDÝRAÁBURÐI

Mikilvægt er að koma húsdýraáburðinum niður í jarðvegin með plöntunni. Því þarf að gera góða holu með skóflunni, nægilega stóra til að koma húsdýraáburðinum niður með plöntunni.




A. Nýr húsdýraáburður, sérstaklega kúamykja eða svínaskítur.

B. Húsdýraáburður sem hefur legið í haug um tíma eða hrossatað.

Ef notaður er nýr húsdýraáburður þarf að gæta sín á því að hann snerti ekki rætur plöntunnar.


Það er gert með því að blanda saman jarðveginum úr holunni og húsdýraáburðinum. Gott er að setja óblandaðan skít í botn holunnar.

Þennan búfjáraburð er hægt að nota óblandaðan með plöntunni. Holan í kringum plöntuna er því fyllt af búfjáraburði og hann þjappaður að rótum plöntunnar.



Plantan er síðan gróðursett í holuna. Ágætt getur verið að stinga hnausinn í sundur og setja hann á hvolf að plöntunni. Gæta þarf þess að plantan sé lóðrétt, sitji föst og fari nægjanlega djúpt niður. Plöntur eiga að fara dýpra niður en þær stóðu áður.

Sérstaklega á það við um alaskaösp og víðitegundir.



VERKFÆRI

Ýmislegt má gera til þess að léttja verkin þegar gróðursett er með búfjáraburði.

Skófla og brýni

Góð stunguskófla er nauðsynleg þegar gróðursett er með búfjáraburði. Skóflur með oddlaga blaði ganga yfirleitt betur í úthaga en skóflur með þveru blaði. Gæta þarf þess að brýna skófluna reglulega. Því þarf að eiga gott brýni með skóflunni.



Staurabor

Til eru handhægir stauraborar, sem henta ágætlega til að gera holur fyrir plöntur. Slíkir borar eru bæði til bensínknúnir og til að tengja við dráttarvél.

Tætting

Algengt er að búfjáraburður sé tættur saman við jarðveginn. Á það aðallega við í skjólbeltarækt. Þetta er mjög góð jarðvinnsluáðferð.



Gróðursett með plöntustaf eða geispu (plönturör)

Hagræðing getur verið fólgin í því að nota þessi verkfæri þegar gróðursetja á bakkaplöntur með búfjáraburði.

Þá er hola stungin og hún fyllt af búfjáraburði.

Þetta má gjarnan gera haustið áður en gróðursetning fer fram. Plönturnar eru síðar gróðursettar með gróðursetningarverkfærunum í holurnar.



SUDURLANDSSKÓGAR



Vesturlandsskógar



ISSN 1605-5020



9 771605 502008

